

Skólaráð, 19.október 2021

Fundur hófst kl. 16:30

Skólaráðsfundur 19.október 2021

Mættir: Petra Eiríksdóttir, Erla Björnsdóttir, Lís Greipsson, Sigríður Halldórsdóttir, Erla Edvardsdóttir, Thelma Huld Víðisdóttir, Eva Ómarsdóttir, Hildur Snorradóttir og Gunnar Jónsson.

Lís býður alla velkomna á fyrsta fund vetrarins.

Fulltrúar ráðsins eru:

Lís Greipsson skólastjóri,

Eva Ómarsdóttir, fulltrúi foreldra kjörin haust 20

Petra Eiríksdóttir, fulltrúi foreldra kjörin haust 21

Gunnar Jónsson, fulltrúi grenndarsamfélags skipaður haust 21

Sigríður Halldórsdóttir, fulltrúi kennara kjörin haust 21

Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir, fulltrúi kennara kjörin haust 20

Erla Björnsdóttir, fulltrúi starfsmanna kjörin haust 21

Thelma Huld Víðisdóttir, fulltrúi nemenda kjörin haust 20

Hildur Snorradóttir, fulltrúi nemenda kjörin haust 21

Varamenn eru Erla Edvardsdóttir fulltrúi kennara (kjörin haust 20) og Sigrún Hafsteinsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna (tilnefnd til vors 2023).

Fundir skólaráðs 2021-2022 verða miðvikudagana 24.nóvember, 19. janúar, 23. febrúar, 23. mars og 18. maí. Fundartími verður klukkan 16:30.

Kosning ritara skólaráðs - ákveðið var að deila ábyrgð ritara og skiptast á að skrifa fundargerðir.

Stefnt er að því að skólaráð boði einu sinni á vetri til opins fundar um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.

Handbók skólaráðs. Það er til handbók inn á heimiliogskoli.is og gott fyrir alla að skoða og lesa sér til um hlutverk skólaráðsfulltrúa.

Skólastarf haustsins

Starfsmenn Lágafellsskóla eru 149 í misháum stöðugildum. Í skólanum eru 642 börn en samanlagður fjöldi leik- og grunnskólanemenda er 767.

Farið var yfir verkefni vetrarins m.a. kynningarfundi fyrir foreldra, niðurstöður lesfimi, vinaliðaverkefni í 3.-7.bekk, skólavini og haustferðir nemenda.

Sérdeild er ekki starfandi þetta skólaárið en hugsanlega er þörf er fyrir hana á næsta ári. Fellið er námsver í unglingadeild. Þar er lögð áhersla á að allir nemendur hafi athvarf sem þess þurfa en námsverið tekur ekki á móti nemendum með hegðunarvanda.

Menntabúðir í Mosfellsbæ halda áfram og eru það skólastjórar sem halda utan um þetta verkefni.

Önnur mál

1. Lágafellsskóli - símalaus skóli -

Foreldrafélag Lágafellsskóla langar til að hefja vinnu/samtal hvort að Lágafellsskóli geti innleitt þá stefnu að vera símalaus skóli. Foreldrafélagið leggur til að stjórnendur Lágafellsskóla og skólaráð taki til athugunar að skólinn verði símalaus. Foreldrafélagið er mjög tilbúið að taka þátt í þessu verkefni, standa að samtali við foreldra og fleira. Gera kannanir, halda samráðs- og fræðslufundi. Koma að með fjárhagslegan stuðning og leita tilboða í leiktæki fyrir unglunga. Lísa kynni þetta fyrir stjórnendum og í framhaldi þá verður þetta kynnt á starfsmannafundi.

2. skólalóð - betrubætur -

Foreldrafélagið vill gjarnan safnar upplýsingum um skólalóðina og hvað sé hægt að gera til úrbóta. Vilji foreldrafélagsins til að betrubæta skólalóðina er mikill og sköpuðust góðar umræður um lóðina.

Fundi slitið 17:30

Fundarritari

Guðrún I. Stefánsdóttir